

**Efni: Minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1998, með síðari breytingum, sem lagt var í fyrsta sinn fram á 145 löggjafarþingi. (666. mál).**

Vísað er til fundar sem fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins áttu með efnahags- og viðskiptanefnd hinn 27. febrúar sl. vegna frumvarps um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum (67. mál, þskj. 124). Á fundinum óskuðu fulltrúar ráðuneytisins eftir fresti til að endurskoða mat á sérákvæði 6. gr. laganna í ljósi umræðu um inntak greinarinnar og þá sér í lagi hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á greiðslu réttindanna, verði lögin felld úr gildi.

Ráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um hvernig fjárframlögum ríkissjóðs hefur verið háttað til sjóðsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur Lífeyrissjóður bænda starfað með því markmiði og skipulagi sem greinir í almennu lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997, sérlögum um sjóðinn og samþykktum fyrir hann. Í lögum um sjóðinn er kveðið á um heimild til handa ríkissjóði til að greiða mótframlag sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda og hefur ríkissjóður allt frá stofnun sjóðsins árið 1970 greitt að hluta eða í heild framlag á móti iðgjaldi sjóðfélaga en framlagið var ákveðið í fjárlögum hvers árs og reiknað á grundvelli afurðaverðs samkvæmt búvörusamningi. Í kjölfar hrunsins voru framlög úr ríkissjóði til lífeyrissjóðsins felld brott í áföngum og frá upphafi árs 2013 hefur iðgjaldið til lífeyrissjóðsins verið greitt af sjóðfélögum að fullu líkt og almennt gildir um þá sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Hins vegar ábyrgðist ríkissjóður áfram eftirlaun til aldraðra sem fæddir eru 1914 eða fyrr, sbr. II. kafla laganna, og leiðir afnám laganna ekki til breytinga fyrir þann hóp.

Um langt árabíl voru þannig veitt framlög til sjóðsins á fjárlögum án þess að fyrir lægi sérstök löggjöf eða samningar sem kváðu á um greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Í bókun við samning sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtala Íslands frá 20. október 2010, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2011 og 2012, greinir að fyrir liggja að ríkissjóður muni láta af greiðslum til sjóðsins og að mótframlag í sjóðinn verði í framtíðinni greitt af sjóðfélögum. Fram kom í bókuninni að til að auðvelda sjóðnum og sjóðfélögum „þá umbreytingu sem breytt fyrirkomulag á greiðslu mótframlags hefur í för með sér, er áformað að ríkissjóður greiði til lífeyrissjóðsins 294 m.kr. einskisframlag sem sjóðurinn mun nýta til að auðvelda aðlögun sjóðfélaga að breyttu fyrirkomulagi þannig að sjóðurinn verði sjálfbær til framtíðar.“ Fjárveitingin var liður í lokauppgjöri ríkissjóðs við sjóðinn og var ætlað að rétta af útreikning á framtíðarhalla á sjóðnum m.v. forsendur sem þá lágu fyrir.

Miðað við þær forsendur lítur ráðuneytið svo á að réttur m.a. skv. 6. gr. laganna, sem sjóðurinn ábyrgðist, hafi verið tryggður til framtíðar og ber ríkissjóður enga fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Í þessu sambandi er þess enn fremur að geta að samsvarandi ákvæði hafa verið til staðar í samþykktum annarra sjóða án þess að þau hafi hvílt á lagaskyldu, t.a.m. er kveðið á um sambærileg sérákvæði um ótímabundinn eða ævilangan makalífeyri í samþykktum Stapa lífeyrissjóðs (viðauki C, 89. gr.) og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (14.5. gr.). Þá var talið viðhlítandi að fella 4. mgr. 17. gr. brott úr lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní nk., en ákvæðið

hefur að geyma samsvarandi ákvæði sem verði í framhaldinu tryggt í samþykktum sjóðsins. Því er ekki fallist á að lagaboð sé nauðsynlegt til að tryggja áunnin réttindi sem þessi.

Að öðru leyti vísar ráðuneytið til minnisblaðs þess til efnahags- og viðskiptanefndar frá 14. febrúar sl.